

1873.

14. janúar.

3. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um lausn frá nafnbót.

Með þessu bréfi gefst yður, herra amtmaður, til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtió það, að dómsmálastjórnin hefir 30. f. m. sent hans hátign konunginum þegnlega skýrslu um, að fyrrum amtmaður yfir norður- og austurumdæmi Íslands J. P. Havstein hafi sagt af sér amtmanns nafnbót þeirri, sem honum bar, og fellur skylda hans til að greiða nafnbótar-skatt burtu frá desbrm. sem leið, samkvæmt tilskipun 17. septbr. 1870, 3. gr.

31. janúar.

4. Anglýsing fjárhagsstjórnarinnar, um skipti á innlendum ríkisskuldabréfum, sem eigi verður sagt upp, og vextir eru borgaðir af við jarðabókarsjóð Íslands, fyrir rentuklippinga-skuldabréf, og um að þau verði tekin upp í innskriftarbókina, og fl. (á Íslenzku og Dönsku).

Með því fjárhagsstjórnin verður að æskja þess, að innlend ríkisskuldabréf, sem eigi verður sagt upp frá eigandans hálfu, og vextir eru borgaðir af við jarðabókarsjóð Íslands, og rentuklippingar ekki fylgja, verði felld úr gildi að svo miklu leyti sem unnt er, skorar hún á eigendurna, að senda þau til jarðabókarsjóðsins áleiðis hingað, til þess að höfð verði skipti á þeim fyrir rentuklippinga-skuldabréf, sem ávallt hljóða uppá handhafann, eða þau verði tekin upp í innskriftarbók þá, sem til þess er ætluð í ríkisskulda-skrifstofunni í Kaupmannahöfn.

Skipti verða að eins höfð á ríkisskuldabréfunum, eða þau tekin upp í innskriftarbók, svo heilum hundruð ríkisdölum skiptir. Minni skuldabréf eða það, sem er fram yfir heil hundruð, verður borgað eftir gangverði því, sem á skuldabréfin er sett á kaupmannahöllinni hér þann dag, sem þeim er hingað skilað.

Hin gömlu skuldabréf, sem látin eru af hendi samkvæmt